



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2716  
komudagur 4.6.2010

## ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði 2. júní 2010

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 557. mál.

Á fundi barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum þann 2. júní 2010 var tekin fyrir beiðni um umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum tekur undir fyrirvara fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við 39. gr. frumvarpsins, en þar eru lagðar til breytingar á 75. gr. barnaverndarlaganna. Nefndin tekur undir það sjónarmið fulltrúans að tillagan gangi þvert gegn grundvallarreglu um þjónustu sveitarfélags við lögheimilisþegna sína. Nefndin vill jafnframt vekja athygli á að fyrir lítill sveitarfélög, þar sem starfa litlir skólar en hlutfall fólks með leyfi til að fóstora börn er hátt getur verið um verulega íþyngjandi skyldur að ræða sem fela í sér verulegar kostnaðarhækkanir fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum vill að öðru leyti lýsa yfir ánægju sinni með frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum

Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður  
Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar